

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Drangness, nr. 210/2019.

## 1. gr.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, og reglugerð fyrir Hitaveitu Drangness nr. 301/2001 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Drangness, nr. 210/2019, er tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

## 2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Notendagjöld eru sem hér segir:

Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns	kr. 93,66
Fastagjald fyrir hvern mæli á dag verði	kr. 72,85
Lokunargjald	kr. 14.280
Gjald fyrir aukaálestur	kr. 6.630

Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu, og svarar það til notkunar 7,2 rúmmetra vatns á sólarhring). Notendur geta sótt um afslátt á vatnsgjaldi ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælabotns eftir að áætlað hámarksrennsli, sbr. að ofan, hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur.

Tengigjöld eru sem hér segir:

Heimæðagjald fyrir íbúðarhús verði	kr. 620.211
Heimæðagjöld fyrir húsnæði yfir 1.200 rúmmetra að stærð	kr. 994.589
Heimæðagjöld dreifbýli	kr. 620.211
að auki skal greiða aukalega pr. lengdarmetra frá stofnaði	kr. 5.900

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af tengigjöldum og dreifa greiðslum á allt að 12 mánuði. Þá er sveitarstjórn heimilt að semja um lægri notendagjöld til stórnötenda í atvinnurekstri.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. febrúar 2020.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Hreinn Hrafnkelsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2020